


## Heimasíða/Aðalvalmynd

Hvað er aðalvalmynd?


Þegar farið er inn í Orra birtist aðalvalmynd á tvennan hátt. Annars vegar á heimasíðunni sem aðalvalmynd fyrir ábyrgðarsvið og lítur þá svona út, en þó geta birst mismunandi heiti ábyrgðarsviða eftir því hverju notandinn hefur fengið aðgang að:

*Það þarf að velja vinnuleið í þessari mynd þegar kerfið er opnað. Hér er hægt að velja sér þær leiðir sem mest eru notaðar og setja upp valmyndina með tilliti til þess.*



Mynd 1. Aðalvalmynd eftir innskráningu

Aðalvalmyndin lítur hins vegar svona út þegar búið er að skrá sig inn í vinnuumhverfi Orra:



Mynd 2. Aðalvalmynd í vinnuumhverfi Orra

## Að rata um aðalvalmynd


Í „Aðalvalmynd“ Orra sjást þær aðgerðir sem launakerfið býður upp á.

„Aðalvalmyndin“ sem birtist á heimasíðu Orra virkar í raun eins og efnisyfirlit þar sem hægt er að smella á viðeigandi hlekki til að komast áfram í þá vinnuleið sem þörf er á.

*Hvað er hægt að gera í aðalvalmynd?*


„Aðalvalmyndin“ í vinnuumhverfinu býður upp á sömu möguleika og sú sem er á heimasíðunni, en útlitið er frábrugðið. Til að skoða nánar þá möguleika sem „Aðalvalmyndin“ býður upp á þarf að gera eftirfarandi:


1. Opna aðalvalmynd í vinnuumhverfi Orra sjá „Mynd 1“ á bls. 6



Mynd 3. Aðalvalmynd í vinnuumhverfi Orra


2.


Til að þysja út valmöguleika fyrir einn flokk er hægt að smella á  eða tvísmella á flokk og þá opnast undirflokkarnir



Mynd 4. [Aðalvalmynd - Þysja út einn flokk](#)


3.


Til að þysja út alla valmöguleika fyrir einn flokk, ásamt undirflokkum þeirra, er hægt að smella á 



Mynd 5. [Aðalvalmynd - Þysja út einn flokk og undirflokka](#)



4.


Til að þysja út valmöguleika fyrir alla flokka er hægt að smella á 



Mynd 6. Aðalvalmynd - Allt þysjað út

5.

Til að fella saman valmöguleika fyrir einn flokk er smelt á  en til að fella saman valmöguleika fyrir alla flokka er smelt á  einnig er hægt að tvísmella á flokk og þá falla þeir saman




Mynd 7. Aðalvalmynd - Búið að fella saman valmöguleika allra flokka

Hvernig er hægt að stytta sér leið í aðalvalmynd?

Hægt er að stilla „Aðalvalmyndina“ þannig að mest notuðu aðgerðirnar (Allt að 10 möguleikar) birtist hægra megin í glugganum. Það getur sparað tíma og fyrirhöfn að geta valið strax þá aðgerð sem nota skal í stað þess að þysja út valmöguleika og leita. Þetta er gert á eftirfarandi hátt:

1.


Opna „Aðalvalmynd“ í vinnuumhverfi Orra og velja þá aðgerð sem á að fara hægra megin í gluggann.



Mynd 8. Aðalvalmynd - Einstaklingskráning valin

2.


Smella á  til að færa aðgerðina hægra megin í gluggann.



Mynd 9. Aðalvalmynd - Smella á örina „Bæta við lista“


3.


Aðgerðin birtist vinstra megin í dálkinum „Mest notaðar aðgerðir”



Mynd 10. Aðalvalmynd - Dálkurinn „Mest notaðar aðgerðir”

4.

Til að fjarlægja aðgerðir úr „Mest notaðar aðgerðir” skal velja þá aðgerð sem á að fjarlægja og smella á 



Mynd 11. Aðalvalmynd - Dálkurinn „Mest notaðar aðgerðir”